

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Bláfjöll – skiðasvæði. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarráð Kópavogs samþykkt 20. júlí 2023 breytingu á deiliskipulagi Bláfjalla. Í breytingunni felst að byggingarreitur nýrrar stólalyftu, Drottningar við Kóngsgil, stækkar um 848 m² til vesturs úr 144.106 m² í 144.954 m² svo ný stólalyfta og botnstöð hennar verði innan byggingarreits. Aðliggjandi byggingarreitur toglyftunnar Patta broddgölts er minnkaður til samræmis um 116 m² úr 32.024 m² í 31.908 m². Lega háspennulína breytist á kostnað framkvæmdaaðila. Uppdrættir eru í mkv. 1:5.000, dags. 7. júlí 2023.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 10. ágúst 2023.

Smári Smáráson aðstoðarskipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 24. ágúst 2023